

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, reit 28 og Naustagötu. Krókeyrnöf 15.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 18. mars 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að á lóð nr. 15 við Krókeyrnöf er heimilt að byggja einbýlishús að hámarksstærð 329 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis, svæðis norðan Tjarnarhóls.*

*Heiðartún 1-5 og Hamratún 14-20.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 18. mars 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að byggingarreitir fyrir einbýlishús (húsgerð E) við Heiðartún eru stækkaðir í 12,5 x 16 metra, hámarksstærð aukin í 280 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall í 0,37 – 0,43. Í stað tveggja hæða parhúss við Hamratún (húsgerð D) verður leyfilegt að byggja tveggja hæða fjölbýlishús með 4 íbúðum. Hámarksstærð eykst í 432 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall í 0,44.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis Þórs við Skarðshlíð.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 18. mars 2008 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér stækkun á íþróttasvæði Þórs við Skarðshlíð. Óbyggt svæði milli Borgarhlíðar og Smárahlíðar og svæði austan Smárahlíðar 5 og 9, að göngustíg verða sameinuð Þórssvæðinu. Gert er m.a. ráð fyrir uppbyggingu keppnisvalla og áhorfendastúku. Heimild er fyrir því að tvö íbúðarhús víki samkvæmt deiliskipulagi þessu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 4. apríl 2008,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.